



TINNA

Tækifæri til betra lífs

Samstarfsverkefni

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og velferðarsviðs Reykjavíkur

Þuríður Sigurðardóttir,
félagsráðgjafi MA og verkefnisstjóri TINNU



Forsaga

Byggir á

- Rannsóknnum: Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna.(2012).
- Fræðilegri þekkingu tveggja félagsráðgjafa: Jaðarstaða foreldra – velferð barna(2015)
- Tillögum frá Velferðarvaktinni 2015
- Samstarfssamningi reykjavíkurborgar og Velferðarráðuneytis 2016

Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir. (2012). Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). Jaðarstaða foreldra – velferð barna. Ritroð VIII. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.



Niðurstöður og ályktanir

- Aðstæður reykvískra foreldra að mörgu leyti ólíkar eftir því hvaðan þeir fá tekjur til að framfleyta sér.
- Börn fólks, sem þiggur fjárhagsaðstoð, nýta sér frekar tilfallandi afþreyingu og ókeypis tómstundir en börn fólks í launaðri vinnu. Á hinn bóginn eru börn foreldra sem fær fjárhagsaðstoð síður í tónlistarskóla og stunda síður hreyfingu en börn fólks í launaðri vinnu.
- Ályktanir félagsráðgjafanna Elísabetar Karlsdóttur og Erlu Bjargar Sigurðardóttur, eru að úrræði sem fyrir eru henta aldrei öllum og leggja þurfi þyngri lóð á vogarskálarnar við mat og einstaklingsúrræði. Þessir einstaklingar geta átt við fjölpættari eða sértækari vanda að stríða og því ekki í stakk búnir til að nýta sér hefðbundin úrræði eða endurhæfingu.
- Mismunandi virkni barna kann að eiga rætur í vanda foreldranna, álagi eða úrræðaleysi og því þarf að mæta með aukinni samvinnu stofnana og starfsmanna, félagslegri ráðgjöf og markvissri fjölskylduvinnu.



Fyrir hverja?

Einstæða foreldra á aldrinum 18-34 ára, og börn þeirra, í Reykjavík sem annað hvort eru:

- a. Með fjárhagsaðstoð til framfærslu
- b. Örokulífeyrispegar/með endurhæfingarlífeyri

Hófst sem úrræði einungis fyrir íbúa í Breiðholti með fjárhagsaðstoð



Úrræði í stöðugri þróun og vexti - endurnýjaðir samningar

Á árinu 2020:

- Fjölgun í úrræðinu
- Þáttakendur með örorkulífeyri boðið að nýta TINNU
- Og fyrir öll hverfi Reykjavíkur

Á árinu 2021:

- Viðbótarstyrkur til að bjóða upp á sumarvirkni með Fjölskyldufjöri, án kostnaðar fyrir fjölskyldur í sumarlokun leik- grunnskóla í samstarfi við EAPN
- TINNA fór undir hatt Virkniúss

Á árinu 2022:

- Konur af áfangaheimili Kvennathvarfsins taka þátt í TINNU (óháð sveitarfélagi)
- Konur í búsetuúrræðinu Ellunni sækja virkni í TINNU
- Fjölskyldumeðferð möguleg innan úrræðis
- Kvennasmiðjan hluti af TINNU



Starfið

- Tveir félagsráðgjafar í maí 2016 með 15 þátttakendur
- Í dag fimm félagsráðgjafar, 4,6 stöðugildi samtals
- Afleysing í 100% stöðu sumarið 2020, 2022, 2023 og 2024
 - Samstarf við EAPN um sumarvirkni fyrir fjölskyldur
- Skrifstofa í Gerðubergi 3-5 (Fjölskyldumiðstöð)
- Var áður undir hatti Þjónustumiðstöðvar Breiðholts-Suðurmiðstöð
- Nýtum einstaka fundi á Miðstöðvum borgarinnar.



Virknihús

- TINNA varð hluti af Virknihúsi sumarið 2021
- Starfsemi - ekki hús
- Starfsmenn á þremur starfsstöðvum, fimm úrræði
- TINNA áfram staðsett í Gerðubergi,- Kvennamsiðjan kom undir hatt TINNU haustið 2023
- Aðstaða til viðtala og funda í Borgartúni 6 þar sem þrjú af úrræðunum fimm eru staðsett.





Starfsemi Virkniúss

- Grettistak, fyrir fólk með langvarandi félagslegan vanda vegna vímuefnaneyslu.
 - IPS, stuðningur og eftirfylgd í starfi.
 - Atvinnu- og virknimiðlun, fyrir vinnufæra með fjárhagsaðstoð
 - Bataskólinn, fyrir þá sem eru að glíma við geðræna áskoranir
 - (Kvennasmiðjan -fór undir hatt TINNU janúar 2022)
- *Samningur við Hugarafl, endurhæfing



TINNA – Tækifæri til betra lífs

- Dagskrá: Hópastarf og fræðsla fjórum (fimm) sinnum í viku. Einstaklingsviðtöl og önnur þjónusta er í boði eftir þörfum. Sumardagskrá með börnum.
- Markviss vinna með foreldrum og börnum með það að markmiði að efla virkni, þátttöku í eigin lífi og auka möguleika foreldra á því að halda áfram í námi og/eða að fá atvinnu.
- Stuðningur til sjálfshjálpar og heildstæð þjónusta sem stuðlar að bættum lífsgæðum fjölskyldunnar. Rjúfa félagslegan arf og vítahring fátæktar.
- Heildstæð þjónusta. Samvinna og samstarf við aðila sem koma að málefnum fjölskyldunnar.
- Tímalengd endurhæfingar er einstaklingsbundin. Langtímamál.



TINNA

- Gott aðgengi að félagsráðgjöfum í Gerðubergi
- Notalegt umhverfi
- Mikið utanumhald
- Stuðningur til sjálfshjálpar
- Samvinna og samstarf
- Einstaklingsáætlanir
- Hópnámskeið
- Virkni





TINNA

- Margir af þátttakendum í TINNU hafa upplifað það að vera vísað frá öðrum úrræðum eins og VIRK, Geðheilsuteymum o.fl. vegna aðstæðna í félagsumhverfi, greininga eins og einhverfu, persónuleikaraskana, kvíða, þunglyndis og mikillar áfallastreitu sem hamlar virkni
- Mikil áskorun að efla þennan hóp til þátttöku í reglulegri fræðslu og virkni og tekur langan tíma en þessi hópur getur ekki leitað í önnur úrræði
- TINNA er oft á tíðum eini stuðningur sem þátttakendur geta leitað til vegna félagslegra aðstæðna viðkomandi.



Samstarf og samvinna



Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). Jaðarstaða foreldra – velferð barna. Ritröð VIII. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.



Einstaklingsvinna

- Einstaklingsáætlanir, úr frá þörfum hvers og eins
- Viðtöl með félagsráðgjafa í TINNU
- Vinna með læknum og öðrum heilbrigðisstéttum
- Stígamót - Kvennaathvarf - Bjarkarhlíð - Teigar - Geðdeild LSH og aðrar deildir - AA – SÁA
- Mímir - Grunnmenntaskóli – FB – FÁ – Hringsjá – íslenskunámskeið
- Geðheilsuteymi
- VIRK
- Vinnumálstofnun
- Útlendingastofnun
- Sýslumaður
- Tryggingastofnun
- Félagsbústaðir
- Barnavernd
- Ellan
- Áfangaheimili Kvennaathvarfsins
- Önnur úrræði Virknihúss





Sameiginleg dagskrá fjórum sinnum í viku

- Sjálfstyrking
- PMTO foreldrafærni
- Mömmuleikni
- Matreiðsla
- FAB Lab
- Jákvæð sálfræði
- Meðvirkninámskeið
- HAM (samstarfi við Heilsugæsluna)
- Áföll, leiðir til bata, (Rótin)
- Listmeðferð – hópnámskeið fyrir foreldra (Foreldrahús)
- Hannyrðir s.s. smíðar, leir, vatnslitamálun
- SES- samvinna eftir skilnað
- Hreyfing af ýmsum toga, jóga, göngur, núvitund
- ADHD markþjálfun, ADHD á kvennamáli, ADHD markþjálfari
- Need to connect, Nýtt upphaf, Seigla, (Einurð)
- Fræðsla af ýmsum toga s.s. skyndihjálpi barna, kynfræðsla, fjármál, núvitund, skattamál, samskipti, jafnrétti, tengslamyndun, umhverfismál, SAA fræðsla öfl. öfl.



TINNA Dagskrá í Gerðubergi mars og apríl 2024

Einstaklingsviðtöl og einstaklingsáætlanir hjá hverri og einni



Vikan:	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
26/2-1/3 2024	KL. 14.000 Matreiðsla	Kl. 13.00 Fræðsla ADHD á kvennamáli	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga	Kl. 13.00 Fræðsla Okkar heimur	Kl. 10.00 Ensku fundur
4-8/3 2024	KL. 14.000 Matreiðsla Kl. 10.30 Jóga	Kl. 13.00 Fræðsla ADHD hjá börnum	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga	Kl. 13.00 Fræðsla Skattar og skyldur	Kl. 10.00 Ensku fundur
11-15/3 2024	Kl. 9.00 Morgunfundur Kl. 10.30 Jóga	Kl. 13.00 Fræðsla Mömmuhlutverkið	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga	Kl. 13.00 Fræðsla IPS kynning Silla og Gisli	Kl. 10.00 Ensku fundur
18-22/3 2024	Kl. 9.00 Morgunfundur Kl. 10.30 Jóga	Kl. 13.00 Fræðsla Mömmuhlutverkið	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga	Kl. 13.00 Fræðsla Kynning á <u>Coda</u>	Kl. 10.00 Ensku fundur
25-29/3 2024	Kl. 9.00 Morgunfundur Kl. 10.30 Jóga	Kl. 13.00 Fræðsla Gildin mín	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga	Skirdagur fri	Föstudagurinn langi fri
1-5/4 2024	2. dagur páska fri	Kl. 13.00 Fræðsla Gildin mín	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga	Kl. 13.00 Málun með Friðu	Kl. 10.00 Ensku fundur
8-12/4 2024	Kl. 9.00 Morgunfundur Kl. 10.30 Jóga	Kl.13.00 Foreldrahjolið fyrir valdeflingu foreldra Sigríður Björnsdóttir sálfræðingur	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga <u>DK</u>	Kl. 13.00 Málun með Friðu <u>AEG</u>	Kl. 10.00 Ensku fundur HM
15-19/4 2024	Kl. 9.00 Morgunfundur Kl. 10.30 Jóga	Kl.13.00 Foreldrahjolið Sigríður Björnsdóttir	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga <u>DK</u>	Kl. 13.00 Fræðsla Ekki málun	Kl. 10.00 Ensku fundur HM
22-26/4 2024	Kl. 9.00 Morgunfundur Kl. 10.30 Jóga	Kl.13.00 Foreldrahjolið Sigríður Björnsdóttir	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga <u>DK</u>	Sumardagurinn fyrsti fri	Kl. 10.00 Ensku fundur HM
29/4-3/5 2024	Kl. 9.00 Morgunfundur Kl. 10.30 Jóga	Kl.13.00 Fræðsla Foreldrahjolið Sigríður Björnsdóttir	Kl. 9.00 Hreyfing/jóga <u>DK</u>	Kl. 13.00 Málun með Friðu <u>AEG</u>	Kl. 10.00 Ensku fundur HM



Sumarvirkni

- Sumargleði með börnum og foreldrum tvisvar í viku auk morgunfunda vikulega
- Markmið að virkja foreldra til jákvæðrar samveru með börnum
- Einstaklingsviðtöl hjá félagsráðgjöfum





Vinna með börnum

- ESTER; Metur áhættu og verndandi þætti í lífi barns
- Lagt fyrir í byrjun og síðan einu sinni á ári til að meta stöðuna og gera áætlanir fyrir barn.
- Áhersla á hreyfingu og tómstundir
- Samvinna við Barnavernd
- Samvinna við leik- og grunnskóla
- Aukinn stuðningur ef þarf (Keðjan)
- Samstarf við ÍR
- **Til þess að....**





...minnka líkur á kynslóðatilfærslu

...efla kjör barnanna

...vinna að því að börnin fái sambærileg tækifæri og önnur börn þegar kemur að tómstundum

...veita börnunum góðar fyrirmyndir.





Óháð úttekt sumarið 2018




Mynd 13 Er einhver þáttur í starfsemi TINNU sem þú ert sérstaklega ánægð með?

CHIEN TAI SHILL, MSW. REYKJAVÍK, 2019



Úttektarskýrsla




Mynd 18 Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að þátttaka þín í TINNU hafi á eftirfarandi?



Vegna barna

Hefur þátttaka í TINNU aukið tækifæri barns/barna þínn til þátttöku í skipulögðum tómstundum?





Atriði sem þátttakendur bentu á er varða áhrif TINNU á börn þeirra

- „Mér líður miklu betur, börnin finna það.
- Það sem ég læri í TINNU kem ég áfram til barnsins.
- Allt sem þær gera fyrir mig í TINNU fer til barnsins.
- Börnin vilja koma með.
- Nú vakna ég og fer með barnið í leikskóla.
- Félagssráðgjafinn er til staðar fyrir börnin.
- Þær benda á styrkleika barnanna.
- Barnið eignaðist vini, börn vinkvenna í TINNU.
- Börnin vilja koma með.
- Hlakkar til að hitta krakkana.
- Tinna bjargaði mér og börnunum líka“. (Chien Tai Shill, 2019).





MA ritgerð

TINNA –

Þær hringja í okkur í sorg, þær hringja í okkur í gleði, svo við verðum svona auka stuðningsnet.

Lokaverkefni til MA í félagsráðgjöf til starfsréttinda

Lára Steinunn Vilbergsdóttir, 2018


* Niðurstöður benda til þess að tilraunaverkefnið TINNA reynist þeim konum vel sem taka þátt í verkefninu.



Hvað segja þátttakendur í TINNU?

- Í könnun sem gerð var á árunum 2022 og 2023 kom fram að allir þátttakendur töldu að þátttaka í TINNU hefði stutt þau í foreldrahlutverkinu og að þátttaka þeirra hefði auðveldað þeim aðgengi að stuðningi og/eða þjónustu fyrir barnið þeirra/börnin þeirra.
- „Þetta er topp 100 og mæli svo eindregið með fyrir ungar mæður og gæti ekki verið betra fyrirkomulag.“

Líðan í TINNU





Tölur desember 2023

- 60 konur sem taka þátt með 111 börn
- 55 þar sem málstjórn mála er í TINNU
- 5 að auki úr Ellunni sem taka þátt í virknidagskrá en eru með málstjóra í Ellunni
- Tveir af þátttakendunum TINNU búa á áfangaheimili Kvennaathvarfsins ásamt börnum sínum
- 26% af erlendum uppruna
- Mislangur tími í TINNU, er langtíma þjónusta
- 23 nýjar konur hófu þátttöku á árinu.





Tegund framfærslu þátttakendanna 55 í september sl. var eftirfarandi:

- Sex voru með atvinnutekjur við lok árs
- 38 þátttakandi er með endurhæfingarlífeyri
- 19 með fjárhagsaðstoð til framfærslu
- Tveir með örorku og í hlutastarfi
- Níu þátttakendur eru með örorku.





Þátttökulok i TINNU á árinu 2023

- Þrír þátttakendur útskrifast í vinnu á árinu
- Tveir útskrifast með örorku og í hlutastarf
- Einn útskrifast í annað sveitarfélag
- Tíu útskrifast með endurhæfingarlífeyri frá lækni eða í aðra endurhæfingu
- Fjórir útskrifast með örorku
- Fjórir útskrifast í aðra miðstöð (óska ekki/ekki þörf á frekari þjónustu TINNU).
- Einn þáttakandi lést á árinu
- Að auki útskrifuðust þrír þátttakendur úr Ellunni í önnur úrræði.



Hvað höfum við lært?

- Þurfum að ná fólki fyrr inn í virkni
- Langtímaverkefni, þurfum lengri tími til að vinna með vandann
- Húsnæðiserfiðleikar þátttakenda tefja vinnu => grunnþarfir
- Of margir sem enda með örorkumat ef ekki kemur til virkni
- Viðhorfsvandi, réttindi/skyldur.



Mikilvægi menntunar

- Af 68 þátttakendum á árinu 2022 voru 58 þátttakendur einungis með grunnskólapróf eða minna
- Tveir voru með háskólamenntun
- Átta með stúdentspróf, iðn- eða starfsmenntun
- Á árinu 2022 voru sex þátttakendur í framhalds námi





Þátttakandi í TINNU segir frá reynslu sinni

https://www.youtube.com/watch?v=0WZSO4_rNL8

TINNA hlaut Fjölskylduviðurkenningu SOS barnaporpanna 2019





IT DOESN'T MATTER WHO
YOU ARE, WHERE YOU
COME FROM. THE ABILITY
TO TRIUMPH BEGINS WITH

**YOU
ALWAYS**

- Oprah Winfrey

“ www.behappy.me



Heimildaskrá

- Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir. (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómstundir og almennt heilsufar barna. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.*
- Chien Tai Shill, MSW. (2019). Úttekt á starfsemi TINNU 2015-208.
- Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). *Jaðarstaða foreldra – velferð barna. Ritroð VIII. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.*
- Lára Steinunn Vilbergsdóttir. (2018). TINNA. *Þær hringja í okkur í sorg. Þær hringja í okkur í gleði, svo við verðum svona auka stuðningsnet.* MA ritgerði Félagsráðgjöf til starfsréttinda.



Reykjavík